

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

196

16. des.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júní 1940, sett eftirfarandi ákvæði um hámarksálagningu:

Nýir ávextir:

Í heildsölu	15%
Í smásölu	45%

Þurrkaðir ávextir:

Í heildsölu	12%
Í smásölu	38%

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 16. desember 1940.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

GJALDSKRÁ

197

23. des.

fyrir rafveitu Eskifjarðar.

1. gr.

Rafveita Eskifjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um kwst.-mæli fyrir kr. 1.00 hverja kwst.
2. Án mælingar á kr. 0.75 yfir árið fyrir hvert ástimplað watt þeirra raftækja, sem tengd eru við rafveituna.

Rafveitustjórn hefir heimild til að hækka eða lækka gjöld þessi um allt að 25%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins

2. gr

Gjalddagi rafmagnsgjaldanna er við álestur mæla, þar sem raforkan er mæld. Þar, sem orkan er ekki mæld, greiðist gjaldið mánaðarlega, fyrirfram, og er gjalddaginn 1. hvers mánaðar.

3. gr.

Hafi gjald, samkv. gjaldskrá þessari, ekki verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga, má rafveitan loka fyrir veitu hlutaðeiganda, án frekari fyrirvara. Er starfsmönnum rafveitunnar heimill aðgangur til þess, hvenær sem nauðsyn krefur. Ef framkvæma þarf slíka lokun, þar sem eru fleiri en einn rafmagnskaupandi í sama húsi, skal starfsmönnum rafveitunnar einnig heimill aðgangur að lögnum þeirra rafmagnsnotenda, sem ekki þarf að loka hjá, ef þeim er það nauðsynlegt til að framkvæma starf sitt.